



525. fundur stjórnar SASS

haldinn á Hótel Selfossi

18. október 2017, kl. 18:00 – 20:00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sæmundur Helgason, Unnur Þormóðsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Eva Björk Harðardóttir, Anna Björg Níelsdóttir og Lilja Einarsdóttir. Páll Marvin Jónsson forfallaðist. Einnig sat fundinn og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar á Hótel Selfossi.

1. Fundargerð

Fundargerð 524. fundar undirrituð.

2. Drög að dagskrá ársþings og aðalfundar SASS

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu lokadrög að dagskrá komandi ársþings og aðalfundar SASS sem fram fer á morgun. Dagskrárnar voru staðfestar.

3. Skipan í starfsnefndir ársþingsins

Skipað var í starfsnefndir ársþingsins og jafnframt var verklag nefndanna kynnt.

4. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundur landshlutasamtakanna

Formaður sagði frá fundi stjórna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna sem haldinn var 4. október sl. á Hliton Nordica hótelinu í Reykjavík.

b. Hjúkrunarrými á Suðurlandi

Stjórn SASS fagnar ákvörðun heilbrigðisráðherra um fjölgun hjúkrunarrýma í Árnessýslu um 10 rými frá því sem upphaflega var áætlað. Það er einnig fagnaðarefni að öllum íbúum hjúkrunarheimilis á Höfn verði gert mögulegt að búa í einbýli.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn að Austurvegi 56 föstudaginn 10. nóvember nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 20:00.

Gunnar Þorgeirsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir



Sæmundur Helgason
Eggert Valur Guðmundsson
Unnur Þormóðsdóttir
Eva Björk Harðardóttir
Anna Björg Níelsdóttir
Lilja Einarsdóttir
Bjarni Guðmundsson